

Jafnframt er úr gildi felld bráðabirgðareglugerð nr. 50 frá 8. júní 1942, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra. **198**
25. okt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 25. október 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. október 1943. **199**
28. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 19635 krónur, er starfsmenn Reykjavíkurhafnar og nokkrir aðrir vinir Þórarins Kristjánssonar hafnarstjóra gáfu til minningar um hann við fráfall hans.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Handbært fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann ekki minna en $\frac{1}{2}$ — einn fimmta hluta — af vöxtum hans ár hvert, en hinum $\frac{1}{2}$ — fjórum fimmtu hlutum — vaxtanna má úthluta samkv. 5. gr.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja bágstadda starfsmenn Reykjavíkurhafnar, ekkjur þeirra og munaðarlaus börn. Til starfsmanna hafnarinnar teljast einnig verkamenn og iðnaðarmenn, sem hafa aðalvatvinnu sína hjá Reykjavíkurhöfn, þótt ráðnir séu með tímakaupi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hafnarstjórn Reykjavíkur, annar af starfsmönnum hafnarinnar og hinn þriðji af ekkjunni, og að henni látinni, af börnum hennar meðan þeirra nýtur við, en síðan skal stjórnarmaður þessi tilnefndur af bæjarráði Reykjavíkur. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára. Þeir skipti sjálfir með sér verkum og skulu þeir sjá um ávöxtun sjóðsins, hafa með höndum úthlutun styrkja úr honum og gera árlega reikning um tekjur hans og gjöld á árinu og efnahag hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hafnarsjóðs.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.